


Skipti milli stærðfræðiáfanga á öðru ári á raungreinasviði

Skólaárið 2011-2012

Nemendur sem fara á raungreinasvið taka annaðhvort A eða B stærðfræði. Til að komast á stærðfræði/eðlisfræðikjörsvið þarf að taka A stærðfræði.



Allar skiptingar milli A og B stærðfræði þurfa að vera **vel ígrundaðar** af nemendum sjálfum og áhrif skiptanna á langtíamarkmið nemandans í námi þurfa að vera skýr.

Allar skiptingar nemenda á 2. ári raungreinasviðs milli stærðfræðihópa eru í höndum brautarstjóra raungreinasviðs.

Skipti úr B stærðfræði yfir í A stærðfræði

Vikur 1-16, haustönn	Leyfilegt er að skipta hvenær sem er, því fyrr því betra, að teknu tilliti til fjöldatakmarkana.
Vikur 1-16, vorönn	Leyfilegt er að skipta hvenær sem er, því fyrr því betra, að teknu tilliti til fjöldatakmarkana. Þessi leið er aðeins hugsuð fyrir þá sem standa vel í stærðfræði og vinna þeir aukaverkefni í samráði við kennara.
Vika 19, vorönn	Nemendur sem hafa lokið prófi í STÆ3A050B og STÆ3B050B geta flutt sig yfir í A stærðfræði á þriðja ári að teknu tilliti til fjöldatakmarkana. Þessi leið er aðeins hugsuð fyrir þá sem standa vel í stærðfræði og vinna þeir aukaverkefni í samráði við kennara.

Skipti úr A stærðfræði yfir í B stærðfræði

Vikur 1-2, haustönn	Leyfilegt að skipta úr STÆ3A050A í STÆ3A050B, að teknu tilliti til fjöldatakmarkana.
Vikur 3-16, haustönn	Nemandinn stendur við val sitt og tekur lokapróf í STÆ3A050A.
Vikur 1-2, vorönn	Leyfilegt að skipta úr STÆ3B050A í STÆ3B050B, að teknu tilliti til fjöldatakmarkana.
Vikur 3-16, vorönn	Nemandinn stendur við val sitt og tekur lokapróf í STÆ3B050A.
Endurtökupróf	Nemendur sem þreytt hafa próf í STÆ3A050A en fallið, geta tekið endurtökupróf í STÆ3A050B. Nemendur sem þreytt hafa próf í STÆ3B050A en fallið, geta tekið endurtökupróf í STÆ3B050B. Ef þeir ná þessum endurtökuprófum flytjast þeir yfir í B stærðfræði á þriðja ári.
Vika 19, vorönn	Nemendur sem hafa lokið prófi í STÆ3A050A og STÆ3B050A geta flutt sig yfir í B stærðfræði á þriðja ári að teknu tilliti til fjöldatakmarkana.
Sumarskóli	Stærðfræði sem tekin er í sumarskóla telst sem B stærðfræði.

Akureyri 14. september 2011